**Ed.** **343. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Annan tölulið í 3. gr. laga nr. 57, 22. nóv. 1907, skal orða svo:

Frá vegamótum hjá Gljúfurá í Borgarfirði, um Norðurárdal, Bröttubrekku, Sökkólfsdal. Miðdali, Búðardal og þaðan um Hvammssveit, Svínadal og Saurbæ, kring um Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Króksfjörð, Reykhólasveit, Þorskafjörð, Þorskafjarðarheiði og Langadal að Arngerðareyri við Ísafjörð.

2. gr,

Þessi breyting á stefnu þjóðvegarins er bundin því skilyrði, að sýsluvegur verði gerður úr þeim kafla hans, sem fellur úr.